

Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 12. júní, kl. 09:00 var haldinn 1836. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Guðjón Ingi Eggertsson, Jón Ragnar Gunnarsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn 101 Hótelveitinga ehf., kt. 520116-0950, dags. 6. maí 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Kastrup) að Hverfisgötu 6, F2004311, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Omnom ehf., kt. 460824-3030, dags. 5. maí 2025, um starfsleyfi fyrir súkkulaðigerð og ísbúð (OmNom) að Hólmaslóð 4, F2000093, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Leifs Guðjónssonar, [REDACTED], dags. 28. maí 2025, um skráningu á færanlegri nuddstarfsemi (Leifur Guðjónsson færanleg nuddstarfsemi). Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur, Starfsskilyrði fyrir nuddstofu og Sértek starfsskilyrði fyrir færanlega nuddstarfsemi*.
- Lögð fram umsókn Urðar og grjóts ehf., kt. 580199-2169, dags. 6. júní 2025, um skráningu á niðurrifi á veggjum og plötu yfir jarðhæð vegna breytinga á hönnun nýs mannvirkis við Dvergshöfða 4, F2282437, rými 05 0101, sbr. samþykkt byggingaleyfi nr. USK24110263. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
- Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, skóla- og frístundasviðs, kt. 530269-7609, dags. 11. mars 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir leikskóla (Leikskólinn Klambrar) með sex deildum og mötuneyti að Háteigsvegi 33, F2250675, rými 01 0101. Breyting á húsnæði.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla*.
- Lögð fram umsókn Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039, dags. 20. desember 2024, að loknu auglýsingaferli, um tímabundið starfsleyfi fyrir grunnskóla (Hjallastefnan í Reykjavík) að Bústaðavegi 9, F2032188, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 31.12.2026 með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla*. Í gildi er undanþága Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis frá ákvæðum 29. gr. *Reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti* er

varða handlaugar í kennslustofum og aðstöðu til aðhlynningar nemenda vegna skyndiveikinda. Eftirfarandi skilyrði eru sett í starfsleyfinu: Fjöldi nemenda verði ekki meiri en 15 hverju sinni í húsnæðinu. Ekki er heimilt að bjóða upp á mat í húsnæðinu.

7. Lögð fram umsókn Hildar Óskar Kolbeins, [REDACTED], dags. 27. mars 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir daggæslu dagforeldra að Borgartúni 21, F2240134, rými 06 0001. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir daggæslu 6-10 barna í heimahúsum*. Í gildi er undanþága Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis frá ákvæðum 27. gr. *Reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti* er varðar kröfu um að starfsemin fari fram í heimahúsi.

Fundi slitið kl. 09:28

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson